

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 4.09.2023

Verkefnaráð	1
Hrafnar Óðins - Myndavélaeftirlit í RVK	2
Stafrænar byggingaleyfisumsóknir – verkefni í vanda	4
Endurbætur á lagalegum kröfum í fylkinu.....	8

Verkefnaráðsfundur 4.09.2023

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundir 2023
Dagsetning 4.09.2023	Staðsetning Borgartún 12-14.
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Ásta Þöll Gylfadóttir, Arna Ýr Sævarsdóttir, Ólafur Óskar Egilsson, Ólafur Sólimann Helgason, Þröstur Sigurðsson, Óskar Sandholt, Búi Bjarmar Aðalsteinsson, Velina Apostolova	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Mánudagur, 4. september 2023, kl. 10:00 – 11:00 – 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:00 - 10:05 Samstilling
10:05 – 10:20 Hrafnar Óðins - Myndavélaeftirlit í RVK: Búi
10:20 – 10:25 Umræður
10:25 – 10:40 Stafrænar byggingaleyfisumsóknir – BYGG fjör þáttur 2 – verkefni í vanda: Velina
10:40 – 10:45 Umræður
10:45 – 10:55 Endurbætur á lagalegum kröfum í fylkinu – tillaga: Aldís
10:55 – 11:00 Umræður
11:00 Fundi slitið

Hrafnar Óðins - Myndavélaeftirlit í RVK

Verkefnið felur í sér að komast að því hvar og hvernig öryggismyndavélar Reykjavíkurborgar eru uppsettar og samræma þær. Mikilvægt er að uppsetning og rekstur verði í samræmi við lög, reglur og kröfur.

Hér er verið að kynna fyrsta fasa verkefnis til að meta umfang svo hægt sé að sækja fjárfestingu til að samþætta myndavélaeftirlit Reykjavíkurborgar.

Búið er að gera:

- Eiga samtöl við hagsmunaaðila sem eru meðal annars lögfræðingar, lögregla, stjórnendur starfsstöðva með myndavélaeftirlit, þau svið sem eru með myndavélar (PON, MÍR, BEL, SFS, USK)
- Koma á samstarfi og samtali með IER
- Skipa eiganda og tengilið UTR

Í dag:

Umfang á rekstri myndavéla er orðið nokkuð mikið og lítur út fyrir að vera að aukast. Í sumum tilfellum er erfitt að finna ábyrgðaraðila og óljóst hvernig staðið er að geymslu á upptökum. Eins eru upptökur geymdar á hörðum diskum í opnum rýmum og dæmi um að einum slíkum hafi verið stolið.

Lög um persónuvernd og vinnuvernd hafa breyst og eins þær kröfur sem gerðar eru til efnis úr eftirlitsmyndavélum og óljóst hvort uppsettar vélar taki mið af því.

Sviðin hafa gert samninga við nokkra ólíka aðila um uppsetningu öryggismyndavéla og kerfis þeim tengdum án aðkomu UTR. Þær vélar sem ekki voru settar upp í samráði við UTR munu ekki geta tengst inná net borgarinnar þegar hert verður á öryggi (ISE) á næstunni.

UTR býður uppá myndavélar sem Öryggismiðstöðin útvegar ásamt því að vera með skýjalausn sem heldur utan um myndefni í samræmi við kröfur um slíkt efni.

Önnur svið hafa nýtt ýmiskonar búnað og kerfi frá ólíkum fyrirtækjum. Eins og stendur er ekki ljóst hversu mörg fyrirtæki það eru en nokkur hafa notað vélar og kerfi frá Securitas. Eins er óljóst hverskyns uppsetningar eru til staðar, ýmist harðir diskar eða skýjalausn.

Takmörkuð yfirsýn yfir staðsetningar og fjölda myndavéla. Mögulegt að verið sé að brjóta lög í einhverjum tilfellum sér í lagi varðandi persónuvernd og/eða vinnuvernd. Flókið að bregðast við ef breytingar verða á löggjöf um uppsetningu öryggismyndavéla og kerfa tengdum þeim. Þegar ISE verður settur upp þá munu öll tæki sem ekki eru þekkt læsast frá neti borgarinnar og öryggiskerfi sem ekki eru í umsjón UTR munu hætta að virka.

Það getur dregið úr trúverðugleika ef þessi þessi mál eru laus í reipunum, þar sem töluverð tortryggni er gagnvart notkun öryggismyndavéla og auknu eftirlit. Því mikilvægt að við vitum hvar þessar vélar eru og samræmdar kröfur séu varðandi uppsetningu þeirra.

Ávinningur/ábat:

- Hugsanlegt hagræði í innkaupum
- Dregur úr tíma/kostnaði UTR við þjónustu
- Tryggir yfirsýn, eftirlit og stuðning með myndavélum og tengdum kerfum
- Einfaldar tækniumhverfi núna og til frambúðar
- Uppsetning í samræmi við persónuverndar- og vinnuverndarlög
- Eykur gegnsæi í eftirlitsmálum

Markmið

- Finna allar myndavélar á vegum Reykjavíkurborgar og hvernig þær eru uppsettar
- Móta verkáætlun um hvernig allar vélar komast í eitt kerfi
- Skýrt verklag og kröfur varðandi uppsetningu á nýjum öryggismyndavélum
- Sameiginleg innkaupaleið fyrir öll svið
- Stjórnendur vita að UTR sér um öryggismyndavélamál

Tímarammi: Framlag þON 3 manna mánuðir (úttekt, verklag, fræðsla/leiðeiningar). Framlag annarra sviða að eigin frumkvæði.

Áætlaður kostnaður : Ekki tekið fram

Óskað er eftir:

- Fjármagni fyrir verkefnastjóra, 1 stöðugildi í 2-3 mánuði
- Koma aftur eftir 2-3 mánuði og kynna umfang næsta fasa

Tegund verkefnis: Umbreytingarverkefni/rekstrarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Ekki skorað að svo stöddu miðað við niðurstöðu.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Frestað, sjá nánar undir ákvarðanir.

Nr.	Ákvörðun
1	Frestað þar til pólitísk afstaða liggur fyrir. Verkefnið er utan ramma PON.
2	Ekki veitt samþykki fyrir fjárfestingu til að samræma myndavélaeftirlit Reykjavíkurborgar.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB	x
2	Sviðsstjóri kallar eftir pólitískri afstöðu til málsins	ÓJS	x

Stafrænar byggingaleyfisumsóknir – verkefni í vanda

Vefgátt HMS (húsnæðis og mannvirkjastofnunar), sem gerir borginni kleift að taka á móti umsóknum um byggingarleyfi beint í Hlöðuna, hefur nú verið í notkun í rúma sex mánuði. Á þeim tíma hefur borið á ýmsum vanköntum í tengslum við gáttina sem og að tengingin milli umsóknarkerfisins og Hlöðunnar er mjög brothætt. Það skilar sér í ýmsum áskorunum sem torvela starfsfólki byggingarfulltrúa vinnuna, valda vantrausti á gáttina og vantrausti á þjónustu byggingarfulltrúa.

Stefna HMS er að fasa út núverandi gátt árið 2024 og greiningarvinna hafin fyrir nýja Mannvirkjagátt. Lágmarksviðhald er á HMS gátt og ætla þau ekki að fara í neinar lagfæringar eða þróun á núverandi gátt.

Það þarf að finna út úr því hvernig háttá eigi rafrænni þjónustu í flokki byggingarmála. Taka þarf ákvörðun um hvort eigi að leggja í lagfæringar á HMS gátt eða ekki.


Núverandi staða: Tenging milli HMS gáttar og Hlöðu virkar ekki sem skyldi og það hefur reynst mjög erfitt að fá í gegn lagfæringar af hálfu HMS eða Hugvits. Verkefnalistinn er sífellt að lengjast og vantraust skapast gagnvart HMS. Aukin handavinna og flækjustig á sér stað hjá starfsfólki vegna þessa. Reykjavíkurborg hefur enga stjórn á gáttinni og getur ekki lagfært villur og það er alls ekki æskilegt að bíða eftir ákvörðun og stefnumótun HMS.

Tillaga að lausn: Er að smíða og þróa okkar eigin umsókn um byggingarleyfi inni á Mínun Síðum með beinni tengingu við Hlöðuna til að umsóknir og gögn skili sér beint í Hlöðuna og önnur skil(skráning iðnmeistara og byggingarstjóra) séu öll innan sömu lausnar .

Ávinningur/ábat:

- Við eigum lausnina okkar sjálf og getum sinnt lagfæringum og þróun ef/þegar þarf
- Höfum stjórn á því hvernig þjónustan birtist borgarbúum
- Getum samþætt við önnur verkefni, gagnagrunna o.fl. (t.d. Hverfasjá)
- Hægt að skoða sameiningu á erindum til byggingarfulltrúa undir einum hatti (sbr aðrar umsóknir sem á eftir að smíða)
- Önnur þjónusta með svipaðar þarfir, t.d. umsókn um starfsleyfi sem gætu nýtt sér lausnina

Lagðar fram þrjár tillögur:

 Reykjavík Leið A Mínar Síður	Leið B Stafrænt Ísland / HMS / önnur sveitarfélög	Leið C Óbreytt ástand
<p>Smíða nýja umsókn á Mínun Síðum með tengingu við Hlöðu.</p> <ul style="list-style-type: none">• Mögulega samnýta hana fyrir aðra þjónustu byggingarfulltrúa þar sem skortur er á rafrænni þjónustu (t.d. fyrirspurn, byggingarheimild o.fl.)	<p>Samstarf við Stafrænt Ísland / önnur sveitarfélög og HMS við smíði á nýrri umsókn.</p>	<p>Halda áfram að nota HMS-gáttina eins og hún er þar til HMS og Kolibri hafa smíðað nýja gátt.</p> <p>(Taka á móti umsóknum á pappír?)</p>
<p>Kostir:</p> <ul style="list-style-type: none">• Að öllum líkindum fljótlegasta lausnin• Þekking til staðar innanhúss• Við eigum lausnina og sinnun lagfæringum og þróun, getum brugðist við hratt• Höfum stjórn á þjónustunni, getum gert ferlið gegnsærra, aðstoðað meira í þjónustuveri• Höldum áfram að nota Hlöðuna og bæta hana• Samræmd þjónusta innan RVK• Möguleiki að samþætta við önnur verkefni, lausnir og gagnagrunna (t.d. Hverfasjá)• Önnur þjónusta með svipaðar þarfir, t.d. umsókn um starfsleyfi sem gætu nýtt sér lausnina <p>Ókostir:</p> <ul style="list-style-type: none">• Óljóst hvað þetta tekur langan tíma og hvað það mun kosta - þarf greiningu• Óljóst hvernig samspil við nýja HMS lausn verður	<p>Kostir:</p> <ul style="list-style-type: none">• Samræmd þjónusta fyrir viðskiptavinum óháð staðsetningu• Allir vinna eftir sömu lögum og reglugerðum, eðlilegt að verklagið og þjónustan séu eins• Gegnsætt ferli• Gagnasöfnun verður auðveldari <p>Ókostir:</p> <ul style="list-style-type: none">• Erfitt að fá sveitarfélögin til að sammælast um að fara í þetta verkefni, ekki áhersla hjá öllum• Tímabrekt ferli• Pólitísk ákvörðun, ekki í okkar höndum?• Þarf að uppfylla þarfir margra, getur orðið flókið í framkvæmd.	<p>Kostir:</p> <ul style="list-style-type: none">• Þarf ekki að eyða tíma og peningum í aðra lausn <p>Ókostir:</p> <ul style="list-style-type: none">• Ef engar lagfæringar eru gerðar á gáttinni eru allar líkur á að starfsfólk og viðskiptavinir missi trú á lausninni og hætti að nota hana -> byrji að skila inn gögnum á pappírformi• 3-4 starfsmenn sem eru nánast í fullu starfi við að halda erindum gangandi og halda utan um verkefnalista fyrir lagfæringar/þróun• Þjónustuver getur litið hjálpað við móttöku umsókna• Erum bara með samning fyrir notkun á gáttinni til loka árs 2024. Óljóst hvað tekur við þá.

Hvað er búið að gera:

- **Innleiða Hlöðuna sem málakerfi og fundaumsjónarkerfi** og taka saman verkefnalista fyrir ýmsar lagfæringar og aðlaganir sem Hlöðuteymið og Hugvit hafa unnið í
- **Prófa að nota HMS gáttina** og láta reyna á tenginguna milli HMS gáttar og Hlöðunnar. Komin reynsla á hvað virkar og hvað ekki. Komin reynsla á rafræna umsókn og rafræna móttöku gagna.
- **Útrýma bréfpósti** Samskipti fara fram í gegnum tölvupóst og Hlöðuna.
- **Uppfæra verkferla** til samræmis við rafræna vinnslu. Vörustjóri frá USK og starfsfólk byggingarfulltrúa hefur unnið að því að uppfæra verklag og halda utan um breytingarnar ásamt ýmsum óskum um lagfæringar í Hlöðunni.
- **Setja upp rafrænar skráningar** fyrir byggingarstjóra og iðnmeistara. Með uppfléttingu í réttindaskrá HMS. (Ath. það á eftir að klára skráningu fyrir byggingarstjóraskipti)
- **Hefja rafræna móttöku og vinnslu teikninga.** Það er hægt að skila öllum gögnum rafrænt í gegnum HMS gáttina og unnið er með rafræn gögn í Hlöðunni. Þó er ennþá tekið á móti gögnum og umsóknum líka á pappír vegna vandræða með HMS gátt.
- **Setja upp rafræn innsigli teikninga** svo ekki þarf lengur að stimpla teikningar á pappír
- **Auka samstarf byggingarfulltrúa og þjónustuvera.** Tveir sviðstenglar í þjónustuveri sem sjá um málefni USK, einn sérhæfður í málefnum byggingarfulltrúa. Verið að skoða hvernig er hægt að þjálfa þjónustuver enn meira til að taka að sér meiri þjónustu fyrir bygg.
- Hefja vinnu við nýtt **customer journey** fyrir rafrænar byggingarleyfisumsóknir.
- Hefja vinnu við að **endurskoða upplýsingar og leiðbeiningar á vef** er varða flokkinn byggingarmál.
- Hefja vinnu við að greina þörf fyrir **aðrar umsóknir/ þjónustu bygg** sem á eftir að koma á rafrænt form.

Hvað á eftir að gera:

- Greina hvernig sé farsælast að tengja nýja rafræna umsókn (MS) við Hlöðuna/Smiðjuna
- Greina hvernig gagnaskilum skuli háttað til að gögn skili sér beint í Hlöðuna
- Greina hvernig sé best að samþætta skráningu byggingarstjóra og iðnmeistara við nýja umsókn
- Kanna hvaða upplýsingum við þurfum að skila til HMS ef við hættum að nota HMS gáttina. Greina hvernig sé best að háttá þeim skilum
- Smíða nýja umsókn með tengingu við Hlöðu
- Skoða uppsetningu/skipulag umsókna fyrir erindi til byggingarfulltrúa
 - Byggingarleyfi
 - Fyrirspurn
 - Byggingarheimild
 - Tilkynning um framkvæmd
 - Stöðuleyfi

Tímarammi: Óljós, þarfnast greiningar

Áætlaður kostnaður: Ekki ljóst fyrr en liggur betur fyrir hvaða leið verður farin.

Óskað er eftir að: Verkefnaráð taki afstöðu til þessa þriggja leiða sem kynntar hafa verið.

Óháð því hvaða leið verður farin

- Þá þarf að finna leiðir til að vinna að lagfæringum á helstu vandamálunum með HMS og Hugviti til að starfsfólk byggingarfulltrúa og viðskiptavinir geti yfir höfuð haldið áfram að nota HMS gáttina fyrir umsóknir um byggingarleyfi
 - Tryggja að gögn skili sér í Hlöðuna þegar þau berast inní gáttin
 - Tryggja að gögn færast ekki á milli mappa við daglega keyrslu gagna úr HMS gátt í Hlöðu
- Í dag er verið að bíða eftir kostnaðarmati frá Hugviti varðandi virknina með fylgiskjöl frá HMS gáttinni og að samband við HMS gáttina rofni ekki við mál í Hlöðunni. Þangað til að ákvörðun er tekin í þessu máli er gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg mun þurfa að greiða fyrir lagfæringar á tengingunni.
- Verkefnaráð PON hafði áður samþykkt að finna lausn á útistandandi þjónustu byggingarfulltrúa sem fer enn fram með umsóknum á pappír (fyrirspurn, byggingarheimild, tilkynning um framkvæmd og stöðuleyfi). Ef leið C verður farin þarf að halda áfram með þetta verkefni.

Tegund verkefnis:

Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags 15.6.2023: 5 5 5 5 2 4,80

Niðurstaða verkefnaráðs frá síðasta fundi (júní 2023)

Verkefnaráð leggur til þann möguleika að:

1. *Leysa einfaldari ferlin sem eru á pappír strax með því að setja upp einfalt form á vefsíðu strax á næstu vikum, með stuðningi vefdeildarinnar.*
2. *Samhliða því - þjónustuhanna formin og setja á backlog.*
3. *Verkefnið fari á backlog hjá teymi fyrir Mínar síður sem útfæra ferlana ss. umsókn gegnum mínar síður sem skila sér í hlöðuna. Sú tenging er til, en kortleggja þarf hvað þarf að koma fram/uppflettingar og annað.*

Verkefnaráð styður og hvetur til að farið verði í einföld skref sem hægt verði að gera strax á meðan undirbúningur fer fram að næstu skrefum.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Frestað.

Staðan er alvarleg, en ákvörðun um stóru myndina krefst pólitísk stuðnings og því er lagt til að ræða stöðuna á pólitískum vettvangi.

Alltaf var ljóst að HMS gáttin væri tímabundin lausn, en vonir stóðu til að hún myndi vera fullnægjandi að minnsta kosti út 2024 eins og samningur var gerður um og að í millitíðinni yrði ljóst hvort og hvaða lausn kæmi í staðinn svo við gætum skipulagt okkur í takt við það. Kalla þarf eftir pólitískri ákvörðun um hvort við þróum sjálf viðbót og nýtum mínar síður til þess að taka á móti umsóknum, eða bíðum eftir hvað komi út úr þeirri þróun sem er á byrjunarreit hjá HMS.

Hvaða leið sem er valin, er mikilvægt að leysa úr núverandi áskorun svo ekki komi til tafa í móttöku á umsóknum, vegna þess að reglulega koma upp villur í tengingum á milli gáttarinnar og hlöðunnar sem veldur vandræðum í afgreiðslu. HMS mun ekki óska eftir lagfæringu frá birgja þar sem þau séu hætt að þróa lausnina, en við gætum ýtt á að birginn leysi ef við greiðum það sjálf. Verið er að kostnaðarmeta það og mun minnisblað um það fylgja.

Nr.	Ákvörðun
1	Upplýsa stafrænt ráð um stöðuna og ákvörðun um næstu skref
2	Fá kostnaðarmat á tæknilegri lagfæringu, áður en ákveðið er hvort það verði gert hvort sem farið er leið A eða B

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga um niðurstöðu	EBB	x
2	Sviðsstjóri kynnir fyrir pólitík og ræðir við forstjóra HMS	ÓJS	x
3	Verkefnaskráarstjóri kallar eftir kostnaðarmati á tæknilegri lagfæringu frá stafrænum leiðtoga/teymisstjóra stafrænna leiðtoga	EBB	x

Upplýsingar 30.10.2023: Samtal á sér stað milli HMS og Reykjavíkurborgar og málið stadd á mun betri stað en áður. Byggingarleyfisumsóknir skiptast í tvennt. Framtíðarútgáfa sem HMS er að vinna með Kolibri. Svo er það lagfæringar á núverandi stöðu. Stafrænn leiðtogi er tengiliður uppá framtíðarvinnuna. Vörustjóri Hlöðunnar, heldur utan um núverandi stöðu og það sem unnið er áfram. Ekki komin niðurstaða á kostnaðarmati.

[Aftur í efnisyfirlit](#)

Endurbætur á lagalegum kröfum í fylkinu

Ekki náðist að fara yfir erindið. Verður tekið fyrir á vinnustofu verkefnaráðs tengt fylkinu.

Nr.	Ákvörðun
1	
2	
3	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1			
2			

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur

Næsti fundur verkefnaráðs PON verður haldinn 21.september 2023.